

8. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

Reykjavík, 24. september 1975.

Í stjórn styrktarsjóðs Fóstbræðra.

Magnús Guðmundsson. Ásgeir Hallsson. Einar Geir Þorsteinsson.

1. október 1975.

Nr. 440.

**AUGLÝSING**

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1.—30. september 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1.—30. september 1975.

Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
1. 10 × 4 × 1 lb. blokkfryst .....	308.20
2. 24 × 1 lb. blokkfryst .....	321.30
3. 24 × 450 gr. sérfryst .....	321.30
4. 6 × 2 kg., 5 × 2 kg. og 4 × 2 kg. sérfryst .....	321.30
5. 4 × 2,5 kg. sérfryst .....	321.30
6. 2 × 5 kg. sérfryst .....	321.30
7. 4 × 7 kg. sérfryst .....	321.30
8. 1 × 25 lbs. sérfryst .....	321.30
9. 15 × 200 gr. sérfryst .....	326.70
10. Í saltlegi .....	308.20

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðist við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Komi til greiðslu úr sjóðnum, verður hún ekki meiri en sem svarar innstæðu í honum.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 1. október 1975.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

6. október 1975.

Nr. 441.

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 338 20. nóvember 1973.

1. gr.

Við 8. gr. bætist nýr stafliður t. svo hljóðandi:

t. Hvers konar tetrasýklínsambönd skal áletra með rauðum bókstöfum á hvítum grunni:

Innan þriggja klukkustunda fyrir eða eftir töku lyfsins má ekki drekka mjólk eða súrmjólk, taka járn eða sýrubindandi lyf. Varasamt er að gefa ung- börnum lyfið.

2. gr.

Undanþága varðandi lausasölu á lyfjum, er innihalda acetphenolisatinum fellur niður. Acetphenolisatinum verður lyfseðilsskylt án undantekninga sbr. 10. gr.

3. gr.

Stærð lyfseðils sbr. 3. gr. stafliður a. sbr. og viðauki 4, skal vera að breidd 10—11 cm og að lengd 20,5—22,5 cm. Heimilt er að geta nafns læknis, aðseturs og síma efst á lyfseðli.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. október 1975.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Almar Grimsson.*

Nr. 442.

2. október 1975.

## AUGLÝSING

### um skipulag í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Andakílshrepps í Borgarfjarðarsýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingarframkvæmdum á fornum lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. október 1975.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

Nr. 443.

2. október 1975.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu skipulagi á horni Hæðargarðs og Grensásvegur í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 30. september 1975 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi á horni Hæðargarðs og Grensásvegur í Reykjavík, reit 1.816.3, að því er varðar eftirfarandi: